

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 260/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Barða Valdimarssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á lagaatriðum og viðurlögum.

Af hálfu ákærvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Barði Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 19. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 224/1994: Ákærvaldið gegn Barða Valdimarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. mars sl., á hendur ákærða, Barða Valdimarssyni, óstaðsettum, fæddum 2. apríl 1959, fæðingarnúmer 263.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í október til desember 1993 í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, með eftirgreindum hætti 32 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum frá ýmsum bönkum, sem ákærði hafði sjálfur falsað með nafni útgefanda, Karl Benediktsson, nema annað sé nefnt, og ýmsum reikningsnúmerum. Tékkarnir eru til handhafa, dagsettir 1993, og bera tólf reikningsnúmerið 3162, níu 32611, sex 3261, en aðrir eru hver með sínu númeri.

— — —
Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um fölsun og notkun þeirra 32 tékka, að fjárhæð samtals 125.000 krónur, sem gerð er grein fyrir í ákæru, en notkun þeirra var með þeim hætti, sem þar er lýst. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur 28. júní 1990 í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ákærði dæmdur 28. október sl. í sex mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig af 78. gr. sömu laga vegna þeirra brota hans, sem framin eru fyrir uppsögu dómsins í október sl. Þá verður einnig höfð hliðsjón af því, að ákærði hóf þegar stuttu eftir uppsögu dómsins í október sl. sömu iðju, að falsa tékka, og þykir það sýna harðan brotavilja hans. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur ekkert greitt af þeim bótakröfum, sem uppi eru hafðar á hendur honum í málinu. Hann hefur samþykkt þær bótakröfur, sem gerð er grein fyrir í ákæru, með þeim athugasemdum, að rangt er í ákæru, að fyrir liggi bótakrafa frá Teiti hf., Fógetanum, Aðalstræti 10, samkvæmt 2. lið í bótakröfunum. Ekki er gerð krafa vegna þessa tékka. Þá eru ekki réttar kröfurnar vegna 28. og 29. liðar ákæru, en vörunum, sem ákærði keypti fyrir tékkana í þessum liðum, var skilað, og lækkuðu kröfurnar við það, vegna fyrri tékkans úr 5.000 krónum í 110 krónur og vegna síðari tékkans úr 7.000 krónum í 910 krónur. Er því krafan frá Miklartorgi sf., Kringlunni 7 í Reykjavík, að fjárhæð 5.110 krónur, en ekki 10.000 krónur, og krafan frá Vínbúðinni Kringlunni, Kringlunni 8–12, 910 krónur, en ekki 7.000 krónur. Að öðru leyti eru kröfurnar réttmætar, og verður ákærði dæmdur til greiðslu þeirra, eins og nánar greinir í dómsorði, en í öllum tilvikum nema einu er krafist dráttarvaxta.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Barði Valdimarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags, eins og hér segir:

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
